

Nd.

47. Frumvarp til laga

um raforkusjóð.

Fm.: Pétur Ottesen, Skúli Guðmundsson, Sveinbjörn Högnason, Helgi Jónasson,
Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkusjóður. Tilgangur sjóðsins er að veita lán til að gera raforkuver og raforkuveitur á þeim stöðum, sem ekki hafa rafmagn frá vatnsaflsstöðvum, þegar lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög frá ríkissjóði, a. m. k. 300 þús. kr. árlega á næstu 10 árum.
2. Árlegt gjald frá rafveitum, sem reistar hafa verið og reistar verða og hafa vatnsafl til orkuframleiðslu. Skulu rafveiturnar greiða til sjóðsins eftir þessum reglum:

- a. Fyrstu 5 árin eftir að stöð er reist er hún gjaldfrjáls.
- b. Næstu 5 árin greiðist 2 kr. á ári fyrir hvert kilowatt í málraun rafals í hverri vélasamstæðu.
- c. Önnur 5 árin greiðist 4 kr. á ári á sama hátt, og úr því 6 kr. á ári.
Gjald þetta greiðist þó ekki af vélasamstæðum, sem hafa minna afl en 150 kw.

3. Vextir af sjóðnum, er leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Gjöld þau, er um getur í 2. lið 2. gr., skulu greiðast raforkusjóði 31. des. ár hvert, og fylgir þeim lögtaksréttur.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 8 millj. króna, handa raforkusjóði, til stuðnings þeirri starfsemi, sem honum er ætluð samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefur á hendi ákvarðanir um lán úr raforkusjóði, að fengnum tillögum trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar um rafveitumál, og annast stjórn hans og rekstur fyrir þóknun, er ráðherra ákveður með samkomulagi við stjórn bankans. Þóknunin greiðist úr sjóðnum.

6. gr.

Lán úr raforkusjóði mega nema allt að $\frac{1}{2}$ stofnkostnaðar orkuvers eða orkuveitu, og má lánstíminn vera allt að 23 ár. Lán mega vera afborgunarlaus fyrstu 3 ár lánstímans, og skulu vextir vera 3% — þrjár af hundraði — á ári.

7. gr.

Til tryggingar fyrir lánnum úr raforkusjóði skal vera:

1. Orkuverið og orkuveitan, sem lán er veitt til, með öllum réttindum.
2. Aðrar þær tryggingar, er stjórn sjóðsins metur gildar.

8. gr.

Raforkusjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

9. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og rekstur hans.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að mestu óbreytt eins og það var afgreitt frá neðri deild á síðasta aðalþingi. Aðeins er nokkuð hækkað hið árlega fjárframlag til sjóðsins og sömuleiðis heimild til lántöku fyrir hann. Þá er og nokkuð lengdur tími sá, sem nýjar aflstöðvar eru gjaldfrjálsar til sjóðsins. Að öðru leyti vísast til greinargerða, sem fylgt hafa sams konar frumvörpum á undanförunum þingum.